

Krosssaumur og mynsturgerð

Höfundur: Freyja Rut Emilsdóttir

ÚR KÖRFU TEXTÍLKENningarans Verkefni í útsaumi fyrir 4.–5. bekk



Aðferð:


Teikna og sauma krosssaum

Áhöld:

- ✓ Verkefnablað frá kennara
- ✓ Litir
- ✓ Javanál

Efni:

- ✓ Útsaumsgarn
- ✓ Útsaumsjavi, grófleiki við hæfi hvers og eins
- ✓ Límfóður



Vinnulýsing fyrir nemendur

1 Byrjaðu á því að teikna mynstur eða mynd á blaðið þitt.

2 Mundu að þú þarft að lita inn í alla reitina.

Notaðu 2–3 liti.



3 Klipptu útsaumsjavann til eftir leiðbeiningum frá kennara.

4 Byrjaðu að sauma efst í vinstra horninu.


Saumaðu eina línu í einu.

5 Kláraðu litinn áður en þú byrjar á þeim næsta.

Gakktu jafnóðum frá öllum endum.



Krosssaumur



Frágangur á verkefni:

1 Gakktu frá endum ef einhverjir eru.

2 Klipptu efnisbút ca. 2–3 rúðubílum frá mynstrinu.


3 Klipptu límfóður sem er jafnstórt og krosssaumurinn og straujaðu það aftan á hann.

4 **Hugmyndir af verkefnum:** Nú þarftu að velja hvað þú vilt gera úr myndinni þinni, þú getur t.d. límt segul aftan á hana og notað til að skreyta ísskáp, saumað bakhlið á hana og fyllt með tróði og þannig búið til lítinn púða, saumað ramma utan um hana og rammað hana inn.

Til kennara

Gott er að byrja verkefnið á umræðu og verkefnum um mynsturgerð og hönnun. Það er tilvalið að gera í samvinnu við t.d. stærðfræðikennara en einnig má finna skemmtileg mynsturgerðarverkefni í verkefnabókinni *Mynstur* sem fylgir *Geisla*-námssefninu sem Námsgagnastofnun gefur út.

Gott er að vera búin að klippa út nokkra javabúta í mismunandi grófleika og velja hvað hentar í samvinnu við nemendur. Þá er einnig tilvalið að nýta garnafganga af ýmsum grófleika eða gerð, um að gera að leika sér með það.



Krosssaumur. Rúðumynstur.

Mynstrið mitt.

Nafn _____ Bekkur _____

Skrifa um mynstrið mitt: _____
